

Sjálfstæðisflokkurinn

16. september 2021

Á síðastliðnu sumri voru 672 bátar á strandveiðum. Veiðarnar eru heimilaðar 4 daga í viku mánudaga – fimmtudaga að hámarki 12 daga í mánuði. Hver veiðiferð er takmörkuð við 14 klst. og eru ekki fleiri en 4 handfærarúllur ætlaðar við veiðarnar. Leyfilegur hámarksafli í hverri veiðiferð eru 650 þorskígildi sem jafngilda 774 kg af óslægðum þorski.

Landssamband smábátæigenda lýsir ánægju með að í stjórn málaályktun flokksráðsfundar Sjálfstæðisflokksins 2021 hafi eftirfarandi verið samþykkt:

„Skoða þarf sérstaklega starfsumhverfi smábáta á strandveiðum.“


Í aðdraganda 37. aðalfundar LS sem fram fer 14. og 15. október næstkomandi koma félagsmenn svæðisfélaga LS saman til fundar. Á þremur fundum sem haldnir voru á Vestfjörðum í upphafi þessarar viku var samhljómur um að LS ítrekaði kröfu smábátæigenda um að festir yrðu í lög 48 dagar til strandveiða. Sé tekið mið af umræðu meðal annarra smábátæigenda má gera ráð fyrir að það sé krafa þeirra allra.

48 daga strandveiðikerfi hefur verið í gildi í fjögur ár. Fyrstu tvö árin, 2018 og 2019, náðist ekki að veiða þann viðmiðunarafla sem ætlaður var til veiðanna. Síðustu tvö árin var þessu öðruvísi farið þar sem afli náði þeim tonnum sem ætluð voru, árið 2020 þann 19. ágúst og 18. ágúst í ár. Strandveiðar voru þá stöðvaðar og náðu því ekki til ágústloka eins og ætlað var.

Veiðar strandveiðibáta eru algjörlega háðar veðri og fiskgengd á grunnslóð. Af þeim sökum geta sveiflur í afla alltaf átt sér stað. Til að gæta fulls jafnræðis milli landshluta verður að tryggja veiðarnar út allt tímabilið.

Hér með er leitað eftir afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þess að binda í lög að strandveiðileyfi gildi til veiða í 48 daga, jafnskipt á fjóra mánuði, maí, júní, júlí, ágúst.

Aðrar reglur verði óbreyttar.


Arthur Bogason formaður

Virðingarfyllst


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Sjálfstæðisflokkurinn

Fiskveiðiárið 2016/2017 var alls 9.000 tonnum ráðstafað til strandveiða en á síðasta fiskveiðiári 2020/2021 var ráðstöfunin alls 12.271 tonn. Því liggur fyrir að aflaheimildir til strandveiða hafa aukist umtalsvert á undanförunum árum.

Á þessu kjörtímabili hafa samhliða auknum aflaheimildum til veiðanna verið gerðar tilteknar breytingar á fyrirkomulagi strandveiða. Sjálfstæðisflokkurinn er fylgjandi því að fara yfir reynslu þeirra breytingu og endurskoða starfsumhverfi smábáta á strandveiðum. Við þá endurskoðun þarf að tryggja sjálfbærni og skilvirkni veiðanna.